

**Ed.**

**230. Frumvarp**

til laga um einkasölu ríkisins á kartöflum.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1934 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn kartöflur frá útlöndum.

Lög þessi taka þó eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru eigi, að álitit tollstjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

## 2. gr.

Stofnun, sem nefnist „kartöflueinkasala ríkisins“, skal hafa á hendi verzlun með kartöflur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Ríkissjóður leggur fram starfsfé til verzlunarinnar og hefir hann heimild til að taka lán í því skyni.

Einkasalan hefir heimild til að kaupa eða leigja geymsluhús fyrir kartöflur, þar sem þurfa þykir.

## 3. gr.

Kartöflueinkasalan selur til kaupmanna, kaupfélaga og annara verzlunarfélaga, en ekki til einstakra manna.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur kartöflueinkasölnunnar, semur reglugerð um starfsemi hennar og skipar forstöðumann og 2 endurskoðendur.

Heimilt er ríkisstjórninni að fela annari ríkisstofnun forstöðu einkasölnunnar.

## 5. gr.

Kartöflueinkasölnunni er skylt að kaupa allar þær kartöflur, framleiddar innanlands, er henni eru boðnar til kaups, fyrir gildandi innkaupsverð, sbr. 7. gr.

## 6. gr.

Innkaupsverð og söluverð einkasölnunnar skal ákveðið af fimm manna verðlagsnefnd. Forstöðumaður einkasölnunnar er formaður nefndarinnar. Búnaðarfélag Íslands skipar 1 nefndarmann, Samband ísl. samvinnufélaga 1, Verslunarráð Íslands 1 og Alþýðusamband Íslands 1.

## 7. gr.

Innkaupsverð ákveðst með hliðsjón af því, að hæfilegur kostnaður við framleiðsluna fái greiddur. Verðið skal vera hið sama fyrir samskonar vörur á öllum geymslustöðum og höfnum, þar sem strandferðaskip ríkisins hafa viðkomur.

Þar sem flytja þarf vöruna langa leið til geymslustaðar eða til hafnar, tekur einkasalan þátt í flutningskostnaðinum, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

## 8. gr.

Söluverð á innlendum og innfluttum kartöflum skal vera hið sama, miðað við vörugæði, á öllum geymslustöðum og höfnum, þar sem strandferðaskip ríkisins hafa viðkomur.

Söluverðið ákveðst í samræmi við innkaupsverð, þannig að geymslukostnaður vörunnar og kostnaður við rekstur kartöflueinkasölnunnar, samkvæmt þessum lögum, fái greiddur.

## 9. gr.

Verðlagsnefnd ákveður hámarksálagningu á kartöflum í smásölu.

10. gr.

Verði hagnaður á rekstri kartöflueinkasölnunnar, skal hann notaður til að tryggja framtíð hennar, svo sem með því að byggja geymsluhús fyrir kartöflur, á þeim stöðum, sem nauðsynlegast er.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á allskonar grænmeti, sem hægt er að framleiða hér á landi, og gilda um það sömu reglur og felast í lögum þessum.

12. gr.

Ákvæði viðvikjandi rekstri kartöflueinkasölnunnar í lögum þessum (kaupskylda, innkaupsverð, sala, útsöluverð o. s. frv.) veita engum réttarkröfu, sem hægt er að framfylgja fyrir dómstólum.

Stjórnarráðið úrskurðar um deiluatríði, og getur sá, sem telur sig misrétti beittan, kært til þess.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50 til 10000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Kartöflur, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, skulu gerðar upptækar og afhendast kartöflueinkasölnunni til ráðstöfunar.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lög-reglumál.

G r e i n a r g e r ð .

Eftir því sem fróðir menn telja, er árlega keypt frá útlöndum um  $\frac{1}{3}$ — $\frac{2}{5}$  af þeim kartöflum, sem notaðar eru í landinu, og nemur sú upphæð fullum 300 þús. kr.

Þessi kartöflukaup erlendis eru ekki gerð vegna þess, að ekki sé hægt að fullnægja neyðþörfinni með innlendri framleiðslu, því öllum ber saman um, að auðvelt væri að margfalda framleiðsluna á fáum árum. En ástæðan til þess, að svo seint gengur að auka kartöfluframleiðsluna, er eingöngu sú, að framleiðendur hafa ekki haft tryggingu fyrir nægilegum markaði né viðunandi verði.

Til þess að spara þann erlenda gjaldeyri, sem nú fer árlega fyrir útlendar kartöflur, og tryggja innlendum framleiðendum sæmilegan markað, hefir verið bent á tvær leiðir: verndartoll og innflutningsbann.

Fyrri leiðin hefir nú verið reynd, án þess að fullnægjandi árangur hafi fengið, því útlendar kartöflur hafa, þrátt fyrir 15% verðtoll, reynt ódýrari en innlendar.

Með þessu frumvarpi er bent á nýja leið að sama takmarki, sem sé þá, að setja á stofn einkasölu á kartöflum, er skylt sé að kaupa alla innlenda framleiðslu fyrir ákvæðisverð, er miðað sé við að tryggja bændum viðunandi verð. Jafnframt er það tryggt, að kartöfluskortur þyrfti ekki að verða í landinu, þótt

innlend framleiðsla væri uppseld, þar sem einkasalan á að hafa óbundnar hendur um innflutning útlendra kartafna hvenær sem þess væri þörf.

Ætlazt er til, að heildsöluágóða af útlendum kartöflum verði varið til þess að bæta upp kaupverð innleðrar framleiðslu. Eru líkur til, að kartöflueinkasalan mundi geta komizt að talsvert betri samningum um verð og flutningakjör á útlendum kartöflum heldur en einstakar verðlanir verða nú að sæta, og ætti það að tryggja neytendur fyrir þeirri verðhækkun, sem annars mundi geta leitt af þessum ráðstöfunum.

Af sparnaðarástæðum væri sennilega réttast að fela tóbakseinkasölunni starfrækslu verzlunarinnar.